

Með því að það er nú samt óvíst, hvenær búast má við, að viðgjörð þeirri á gufuskipinu «Diönu», sem byrjað er á, verði lokið, mun örðugt að ákveða ferðaáætlun fyrir ár það, er yfir stendur; en rjettast þykir að láta «Diönu» koma í hverri ferð við á Seyðisfirði, Raufarhöfn, Akureyri, Ísafirði og í Stykkishólmi og á Skagatrönd í 1. og 2. ferðinni frá Kaupmannahöfn og á 1. ferðinni aptur í leið sinni frá Reykjavík. Ef skipið verður til búið milli 20. maí og 1. júní, mun það geta snúið aptur frá Reykjavík seint í júnímánuði; en verði það ekki búið fyr en síðar, er tvísýnt, hvort það getur farið nema 2 ferðir fram og aptur þetta ár.

Samkvæmt þessu verð jeg eptir tilmælum innanrikisstjórnarinnar að skora á herra amtmanninn, að gjöra það kunnugt almenningi í hjeruðum þeim, er ferðanna munu helzt geta notið, á þann hátt, sem yður virðist bezt fallið, að líkindi sjeu til að «Diana» muni í sumar sigla upp fyrr nefndar hafnir.

Sömuleiðis skal jeg þjónustusamlega biðja herra amtmanninn að hlutast til um, að á hverjum komustað í amti því, sem yður er trúað fyrir, verði fyrir hæflegur maður til að afgreiða skipið á fyrstu ferð þess, og þangað til skipstjórinn, premier-lautenant Wandel, getur samið um skipun á föstum afgreiðslumanni og komið með tillögur um það.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um fjárveitingarvald amtsráðs.* — Amtmaðurinn hafði sent landshöfðingja bönarbrjef frá prófasti sira Daniel Halldórssyni um, að honum yrði veitt hin venjulega þóknun 28 kr. fyrir ómak við samningu verðlagsskráanna fyrir árið 1876—77, og var amtmanni svarað, að fjárveiting þessi væri, eptir að sveitastjórnartilskipunin frá 4. maí 1872 hefði öðlazzt gildi, ekki komin undir samþykki landshöfðingja. 27
25. marz

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um styrk úr heiðursmerkjasjóði.* — Hin konunglega danska heiðursmerkjastjórn hefir skýrt mjer frá, að hans hátign konunginum hafi 24. f. m. þóknast allramildlegast að fallast á, að greiddur verði ekkju fyrverandi hreppstjóra Ólafs Jónssonar Oddnýju Ólafsdóttur á Sveinsstöðum í Húnavatnssýslu 50 kr. styrkur um árið úr heiðursmerkjasjóði, og skuli telja styrk þenna frá 1. janúar þ. á. 28
25. marz

Þetta skal þjónustusamlega tjáð herra amtmanninum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, og skal því við bætt, að landfógetanum hefir verið ritað um að greiða hlutaðeiganda gegn tilhtýðilegri kvittun og lifsskirteini, ofannefndan styrk með 25 kr. við lok hvers missiris, í fyrsta sinn 30. júní þ. á.

— *Brjef landshöfðingja til allra lögreglustjóra um styrktarmæli á brennivíni.* — Með skirskotun til laga þeirra um breytingu á tilskipun um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum frá 26. degi febrúarmán. 1872, sem voru staðfest 11. f. m., og prentað eru í stjórnartíðindum fyrir þetta ár A nr. 10, er yður herra sýslumaður, hjer með sendur styrktarmælir, sem hafa má við rannsóknir þær, er getur um í 2. gr. nefndra laga. Fyrirsögn um, hvernig nota skuli mæli þenna, fylgir honum. 29
25. marz